



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, 105 Rvk, mánudaginn 11. júní 2018 kl. 16:30-18:30.

(Fundur nr. 10 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Páll Ingbór Kristinsson,  
Valgerður Auðunsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Guðbrandur  
Brynjúlfsson, Laufey Hannesdóttir og Aðalsteinn  
Sigurgeirsson sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar

#### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með smávegis orðalagsbreytingum

#### 2. Líf í lundi

Jón Ásgeir Jónsson sagði stuttlega frá. Náðst hefur að uppfylla mörg markmið verkefnisins, m.a. um samstarf milli skógarbændafélaga og skógræktarfélaga, samstarf við Fuglavernd o.fl. félög. Fullveldisgróðursetning í Sandahlíð, í samstarfi SÍ og Skógræktarfélags Garðbæinga. Aðalsteinn Svanur Sigfússon er að vinna að lógó, Elena sjálfboðaliði (grafískur hönnuður að mennt) er að vinna að því að hanna plakat.

Ákvörðun um að skilgreina sérstakan skógardag (23. júní) árlega, verður hvatning til að finna upp á viðburðum í hverju héraði. Verkefnið er styrkt af Arionbanka og eru þeir spenntir fyrir því að koma af meira afli inn í þetta samstarf. En vegna tíðra

mannabreytinga, hefur enn ekkert orðið af því.  
Allir aðilar eru hvattir til að mynda sinn viðburð þ. 23/6,  
birta á FB og á [www.skogargatt.is](http://www.skogargatt.is).

### **3. Stefnumótun – viðbrögð**

Nokkrar athugasemdir hafa borist frá félögum, en hvetja þarf þau til að koma sem fyrst með athugasemdir.

### **4. Landgræðslusjóður – staðan á úthlutun**

Landgræðslusjóður úthlutaði að þessu sinni um 9,2 m kr. 1165 þús. til SÍ, afgangurinn til skógræktarféлага og annarra umsækjenda. Þorsteinn Tómasson fékk 400 þús. úr Fræbankanum til verkefnisins „Bötun birkis“. Umsóknir bárust frá 12-13 félögum. Félögin eru afar misdugleg við að sækja um.

### **5. Undirbúningur aðalfundar**

Undirbúningur er í góðu lagi, að sögn Hrefnu. Rætt var um að halda stjórnarfund í byrjun ágúst til þess að ganga frá síðustu lausu endum.

### **6. Önnur mál**

Þann 2. júní s.l. var haldin hátíð á Eggertsflöt í Reykholti til heiðurs Eggerti Ólafssyni, en þá voru liðin 250 ár frá því hann fórst á Breiðafirði. Jafnframt var afhjúpað nýtt skilti um skóg Skógræktarfélags Borgfirðinga og undirritaður samningur um stækkað land félagsins yfir hálsinn, milli félagsins og kirkjujarðasjóðs.

Lögð var fram ítarleg tillaga til aðalfundar SÍ frá Óskari Guðmundssyni, formanni Sk.f. Borgf. Samþykkt með smávægilegum breytingum.

Boðaður verður fundur í júlí eða ágúst (síðasti fundur fyrir aðalfund á Hellu), einkum til þess að ganga frá stefnumótunarplagginu.